

# Skilmálar

Skilmálar þessir gilda um þjónustu sem látin er í té undir nafni KVASIS Lögmanna, þ.á m. störf lögmanna og aðstoðarfólks tengdra félaga.

Auk skilmálanna gilda um þjónustu KVASIS Lögmanna:

- Sérstakir samningar við viðskiptamenn
- Lög um lögmenn nr. 77/1998 og reglugerðir settar samkvæmt þeim lögum.
- Siðareglur lögmanna (Codex ethicus)

Sérstök ákvæði í samningi við viðskiptamann gilda framar skilmálum þessum. Ákvæði skilmála og samninga við viðskiptamenn gilda framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

## 1. gr.

### Skilgreining hugtaka

Hugtök í samningi þessum skulu hafa eftirfarandi merkingu:

„KVASIR Lögmenn“ merkir KVASIR Lögmenn ehf., kt. 480500-2880, Laugavegi 182, Reykjavík og þá lögmenn og starfsmenn þeirra sem starfa undir merki KVASIS Lögmanna.

„Lögmaður“ merkir þann sem hefur leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður samkvæmt lögum um lögmenn nr. 77/1998 og starfar undir merki KVASIS Lögmanna.

„Tengd félög“ merkir félög sem veita lögfræðisþjónustu undir merki KVASIS Lögmanna.

„Viðskiptavinur“ merkir hvern þann aðila sem nýtur þjónustu KVASIS Lögmanna.

„Þjónusta“ merkir hvert það verk, ráðgjöf, lögfræðisþjónusta eða aðra þjónustu sem KVASIR lögmenn eða tengd félög vinna í þágu viðskiptavina, hvort sem unnið er gegn gjaldi eður ei.

## 2. gr.

### Almennt

KVASIR lögmönnum ber í hvívetna að sinna af fagmennsku þau störf sem þeim er falið og neyta lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna. Lögmaður getur á öllum stigum sagt sig frá verki sem honum hefur verið falið, en gæta verður hann þess að umbjóðandi hans verði ekki fyrir réttarspjöllum af þeim sökum fyrir réttarspjöllum.

## 3. gr.

### Ábyrgð KVASIS Lögmanna

KVASIR lögmenn bera bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum og lögum um lögmenn nr. 77/1998 eftir því sem við á.

Ábyrgð KVASIS Lögmanna og tengdra félaga er takmörkuð í samræmi við 4. mgr. 25. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998. Bótaskylda vegna rækslu verks er takmörkuð við lágmark ábyrgðartryggingar samkvæmt 3. mgr. 25. gr. sömu laga og reglugerðar um starfsábyrgðartryggingar lögmanna nr. 200/1999.

## 4. gr.

### Undirverktakar

KVASIR Lögmenn tryggja að ávallt sé til staðar kunnátta og fagmennska til að annast þau verkefni sem þeim eru falin. Ef það er til hagsbóta fyrir viðskiptavin getur komið til þess að leitað sé til sérfræðinga

á tilteknu sviði til ráðgjafar um einstaka hluta verks. Viðskiptavininn er ávallt gerð grein fyrir slíku ef fyrirséð er að verulegur kostnaður sé því samfara.

#### **5. gr.**

##### **Fjárvarsla**

Öllum greiðslum sem lögmenn kunna að taka við fyrir hönd viðskiptavina skal skilað án tafar. Fjármunirnir skulu varðveittir á fjárvörslureikningi ef uppgjör fer ekki strax fram. Um fjárvörslur lögmanna gilda lög um lögmenn og reglugerð nr. 201/1999, um fjárvörslur lögmanna.

#### **6. gr.**

##### **Gjaldskrá**

Um fjárhæð endurgjalds gildir gjaldskrá KVASIS Lögmanna eða sérstakur samningur við viðskiptavininn.

#### **7. gr.**

##### **Þagnarskylda**

KVASIR Lögmenn bera þagnarskyldu um hvaðeina sem þeim er trúað fyrir í starfi sínu. Sama gildir um starfsmenn lögmanna um trúnaðarmál sem þeir kunna að komast að vegna starfa sinna.

Lögmaður skal aldrei án endanlegs dómsúrskurðar, sem beint er að honum sjálfum, eða skýlauss lagaboðs, láta óviðkomandi aðilum í té gögn og upplýsingar, sem lögmaður hefur fengið í starfi um skjólstæðing sinn eða fyrrverandi skjólstæðing. Sama gildir um fulltrúa lögmanna og annað starfslíð svo og félaga lögmanna að lögmannsskrifstofu og starfslíð hans. Lögmaður getur að beiðni skjólstæðings afhent gögn eða upplýsingar enda krefjist augljósir hagsmunir skjólstæðings þess.

Trúnaðarskyldan helst þótt verki sé lokið.

#### **8. gr.**

##### **Varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka**

Viðskiptavininn ber að afhenda þær upplýsingar sem krafist er í samræmi við skyldur lögmanna samkvæmt lögum nr. 64/2006, um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Um skyldur lögmanna og viðskiptavina er nánar kveðið á um í skriflegum innri reglum KVASIS Lögmanna, lögum nr. 64/2006 sem sett eru á grunni tilskipunar EB nr. 60/2005 og hinna almennu og sérstöku leiðbeinandi tilmæla FATF (Financial Action Task Force on Money Laundering).

#### **9. gr.**

##### **Upplýsingar**

Allar upplýsingar sem viðskiptavininn veitir lögmönnum í þágu umbeðins verks, hvort sem þær eru munnlegar eða í formi skjala, skulu vera réttar og gefnar eftir bestu vitund.

#### **10. gr.**

##### **Breytingar**

KVASIR Lögmenn áskilja sér rétt til að breyta skilmálum þessum án fyrirvara eða tilkynninga.

#### **11. gr.**

##### **Lögsaga**

Öll ágreiningsefni skal reyna að leysa í sátt milli aðila þannig að þeir geti við unað. Ef sættir takast ekki með samningum skulu deilumál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### **12. gr.**

##### **Gildistaka**

Skilmálar þessir skulu gilda frá og með 1. febrúar 2008.